



Lækkun olíuverðs hefur áhrif á verð sjávarafurða

Kaupmáttur rússnesku rúblunnar hefur fallið um þriðjung gagnvart íslensku krónunni (41% gagnvart Bandaríkjadala) það sem af er þriðja ársfjórðungi borið saman við allan þriðja ársfjórðung í fyrra. Rúblan hefur verið undir miklum þrýstingi til lækkunar síðustu misseri og má rekja það að mestu leyti til lækkunar olíuverðs, en um 60% af útflutningstekjum Rússlands koma frá útflutningi á hráolíu, bensíni og gasi.


Að undanskildu viðskiptabanni var útlit fyrir lækkun afurðaverðs

Án tillits til innflutningsbanns Rússlands á íslenskar sjávarafurðir er líklegt að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hefðu fengið lægra verð fyrir makrílafurðir nú en á sama tíma í fyrra. Miðað við óbreytt verð í Bandaríkjadala hefðu Rússar þurft að reiða fram helmingi fleiri rúblur, að öðru óbreyttu. Miðað við sterka stöðu kaupenda á makrílmarkaði hefði veiking rúblunnar því að öllum líkindum haft í för með sér umtalsverða lækkun á afurðaverði hvort tveggja í krónum eða Bandaríkjadöllum talið.

Rússland mjög mikilvægt íslenskum sjávarútvegi


Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 244 ma.kr. á síðasta ári og fór tæplega 10% af því til Rússlands, samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Sé litið til hlutdeildar í magni keypti rússneski markaðurinn 18% útflutnings íslenskra sjávarafurða á síðasta ári. Rússneski markaðurinn hefur orðið æ mikilvægari á síðustu árum en bæði útflutt magn og útflutt verðmæti hafa farið vaxandi sem hlutfall af heildarútflutningi íslenskra sjávarafurða. Makrílveiðin hér á landi er tiltölulega nýhafin en sú tegund er nær einungis veidd á þriðja fjórðungi hvers árs. Tímasetning viðskiptabannsins er óheppileg þar sem Rússar eru stærstu kaupendur makríls og stofninn orðinn einn af mikilvægustu fiskistofnum Íslendinga.

Heimsmarkaðsverð á olíu og rúblan




Heimild: Seðlabanki Íslands, Datamarket

Gjaldeyrisvarasjóður Rússlands



Í milljörðum Bandaríkjadala
Heimild: Seðlabanki Rússlands

Hlutdeild Rússa í heildarútflutningi á íslenskum sjávarafurðum



Heimild: Hagstofa Íslands




Rússar kaupa tæplega 40% makrílafurða

Á síðasta ári fór 38% útflutningsverðmætis makríls til Rússlands en til samanburðar var næststærsti markaðurinn Holland með 21%. Sú tala er þó líklega eitthvað ýkt þar sem umtalsverðum hluta makríls sem fer til Hollands er umskipað og hann sendur áfram til annarra landa¹. Þriðji stærsti markaðurinn fyrir makríl er svo Nígíría sem einnig hefur glímt við gjaldeyrisskort og komið á innflutningshöftum vegna þessa. Gjalddeyrisskortinn þar má rekja til lækkunar á heimsmarkaðsverði olíu rétt eins og í tilfalli Rússa. Nígíría er enn háðari olíuútflutningi en Rússar en 90% af gjalddeyriskjnum Nígíríu koma til vegna olíuútflutnings.

Rússar einnig stórir kaupendur að síld, karfa og loðnu

Rússar eru ekki bara mikilvægir viðskiptavinir þegar kemur að makríl heldur hafa kaup þeirra á karfa, gulllaxi, síld og loðnu aukist töluvert á síðustu árum og eru Rússar með stærstu kaupendum þessara tegunda. Á síðasta ári keyptu Rússar 20% af útflutningi á karfa, 44% af gulllaxi, 26% af loðnu og 42% af síld.



Sem hlutfall af heildarútflutningsverðmæti einstakra tegunda
Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

¹ Hagstofan hefur nýverið áréttað að útflytjendum ber að greina frá því í tollskýrslum hvar varan endar. Hagstofan byggir sínar tölur á þeim upplýsingum. Til að draga úr óvissu í þessum efnum hefur Hagstofan tilkynnt að hafin sé rannsókn á nákvæmni upplýsinga um endanlegt ákvörðunarland útflutnings í tollskýrslum. Sú rannsókn beinist þó ekki að Rússlandi sérstaklega heldur fremur að háu hlutfalli Hollands í útflutningsskýrslum.